

Viðbrögð faghóps II við athugasemdir sem bárust eftir kynningarferli niðurstaðna faghópa í 2. áfanga Rammaáætlunar 2010.

Af þeim 39 umsögnum sem bárust verkefnastjórn telur faghópur II að 15 hafi beinst að skilum faghópsins. Allar athugasemdir hafa verið yfirfarnar og leiddu til að tvær virkjanahugmyndir hafa verið endurmetnar með tilliti til ferðaþjónustu og útivistar. Í báðum tilfellum sneru athugasemdir að línustæðum þeim sem matið byggði á. Ekki eru taldar ástæður til endurmats vegna athugasemda vegna beitar eða veiða.

Veðiðhlunnindi

Nokkrar athugasemdir voru gerðar við umfjöllun og einkunnagjöf Faghóps II sem snýr að mati á áhrifum á fiskstofna og veiði. Flestar þessara athugasemda voru almennar og snéru að því hvort nægilegt tillit hafi verið tekið til þessa þáttar og honum gert nægilega hátt undir höfði við einkunnagjöf og mat á virkjunarhugmyndum. Það átti ekki síst við um allmargar athugasemdir sem snertu Þjórsá og þær virkjanir sem þar eru fyrirhugaðar.

Gerðar voru athugasemdir beint við matseinkunnir frá tveimur aðilum Landsvirkjun og Orkuveitu Reykjavíkur. Það ber að taka fram að þessir aðilar skiluðu hvað ítarlegustum gögnum og upplýsingum um viðkomandi virkjunarsvæði, fyrirhugaðar framkvæmdir og möguleg áhrif sem af þeim gætu hlotist. Umfjöllun um athugasemdir þessara aðila voru einnig nokkuð ítarlegar.

Eftirfarandi aðferðalýsingu á einkunna gjöf og aðferðum er að finna í útkominni kynningarskýrslu: Niðurstöður faghópa, bls. 26 sem gefin var út í mars 2010. “Við mat á virði og áhrifum veiðiðhlunninda var viðfanginu skipt í virðismat og áhrifamat. Í báðum tilfellum var notast við áhrifaskala með einkunnum en við virðismat voru einkunnir 0, 1, 3, 6, og 10 en fyrir áhrifamat -10, -6, -3, -1, 0, 1, 3, 6, og 10. Leitast var við að nota skalann yfir alla þá staði sem metnir voru m.t.t. virkjana og áhrifum þeirra. Slíkt getur verið nokkuð erfitt viðfangs þegar umfang, stærð og áhrif eru mjög mismikil en mat á áhrifum takmarkast af því svigrúmi sem skalinn gefur tilefni til. Í þeim tilfellum þar sem miðlun vatns er mikil og/eða stíflumannvirki þvera ár er áhætta samfara byggingu virkjana oft veruleg og því á stundum lítill munur á þeim skala sem notaður var við mat verðmæta og áhrifa.”

Af þessu sést að upplausn í áhrifaskalanum er í raun lítil sem gefur takmarkað svigrúm við áhrifamat auk þess sem að skalinn ekki línulegur. Mismundandi úrfærslur geta því komið fram með sömu einkun vegna þrepa í skalanum þótt metin áhrif séu ekki endilega þau sömu. Telja verður þó að þessar einkunnir, þótt samþjappaðar séu, gefi meiri upplýsingar en t.d. að gert er við mat á umhverfisáhrifum þar sem notast er við lýsingarorð við að meta áhrif framkvæmda. Samskonar skali var notaður við virðismat svæða og áhrifa mat. Það vakti athygli Faghóps II að ekki komu fram beinar athugasemdir við virðismat veiðiðhlunninda. Ágreiningurinn virðast því fyrst og fremst snúast um ólíkt mat á áhrifum framkvæmda á viðkomandi svæði.

Skatastaðavirkjun C (staðarnúmer 7)

Landsvirkjun telur að áhrif af framkvæmdum við Skatastaðavirkjun C hafi verið ofmetin af Faghópi II og “telja vafasamt að skerðing á mögulegum uppeldissvæðum sjóbleikju á vatnasviði árinna ofan 630 m.y.s. geti haft umtalsverð áhrif á veiði neðar á vatnasviðinu”. Áhrif hafi því verið ofmetin.

Því er til að svara að mati Faghóps II að fyrirhugaðar framkvæmdir koma einnig fram neðarlega á vatnakerfi Austari-Jökulsár þar sem útfalli virkjunar verður hleypt inn á farveginn. Þessi útfærsla hefur

ekki farið í gegnum umhverfismat og því ekki vitað hverjar kvaðir yrðu settar á framkvæmdir. Ekki er minnst á mótvægisaðgerðir í tengslum við framkvæmdir.

Um helmingur framleiðsluvæðis og búsvæða fiska liggja ofan útfallskurðar frá frárennslisgöngum. Þar sýna kynningar grafinn að gert er ráð fyrir 250 metra frárennslisskurði þar sem frárennslisgöngum sleppir sem þýðir væntanlega að hann verði dýpri en núverandi farvegur. Skurðurinn muni því þvera árfarveginn og það vatn sem um farveginn fellur mun falla í fossi í skurðinn. Ekki er að sjá af kynningum að gert sé ráð fyrir að fiskgengt verði áfram upp farveginn né hvernig vatnsrennsli í honum myndi verða eftir framkvæmdir. Staðfest er að sjóbleikja er í Austari-Jökulsá allt fram að ármótum Hnjúkakvíslar og líklegra lengra en það er í um 100 km vegalengd frá sjó. Þessi sjóbleikja er því sú sem hæst er yfir sjó og lengst inni í landi af sjóbleikjustofnum á Íslandi eftir að sjóbleikjustofnar í Blöndu og hliðarám hennar á Aðkúluheiði dóu út við þverun árinna við Reftjarnarbungu þegar Blönduvirkjun var reist. Sjóbleikja úr Austari-Jökulsá gengur til sjávar í Skagafirði og er væntanlega í veiði í Héraðsvötnum og í sjávarveiði. Hún er jafnframt líkleg til að geta gengið í Miklavatn, Sæmundará og Húseyjarkvísl, áður en hún nær kynþroska, þótt það sé ekki staðfest. Stærð og hlutdeild einstakra bleikjustofna í veiði á vatnasvæðinu hefur ekki verið metin. Það skal tekið fram að þörf er á mun meiri þekking á bleikjustofnum vatnasvæðisins. Slíkt hefði auðveldað mat á áhrifum og bætt nákvæmni rökstuðnings. Faghópur II metur það svo að áhrif geti tekið til og komið fram í veiðinýtingu á nær öllu vatnasvæðinu og út í sjó. Áhrifin séu háð óvissu meðal annars vegna skorts á nákvæmri útfærslu og tilhögun framkvæmda og að engar forsendur eru gefnar fyrir því hvernig rekstur virkjunar myndi geta komið til með að verða. Það hefur þó sýnt sig að geta haft veruleg áhrif t.d. hvað varðar rennslisstýringar, minnsta og mesta rennsli, hraði rennslisbreytinga o.s.fr.v. Eftir að hafa lesið athugasemdir LV og endurskoðað áhrifaeinkunn vegna Skatastaðavirkjunar C á þeim skala sem framan er lýst telur Faghópur II ekki að neinar viðbótarupplýsingar hafi komið fram sem gefi tilefni til endurmats á einkunn.

Hólmsárvirkjun neðri (staðarnúmer 21)

Landsvirkjun/Rarik gera athugasemdir við einkunnagjöf áhrifa á veiðihlunnindi vegna útfærslna á Hólmsárvirkjunum staðarnúmer 20 og 21 skuli vera þær sömu. Athugasemdir LV/Rarik eiga hér við nokkur rök að styðjast þar sem líklegt er að Hólmsárvirkjun neðri hafi minni áhrif á Tungufljót, fiskstofna þess og veiði en þær útfærslur sem gera ráð fyrir að útfall virkjana komi í Tungufljót. Það vakti jafnframt athygli Faghóps II að í kynningum á virkjunarhugmyndum var tekið fram að sú útfærsla var sett fram til að takmarka áhrif á lífríki og veiði. Við endurskoðun Faghóps II á áhrifamatinu er komist að sömu niðurstöðu einkum vegna óvissu á útfærslu og rekstarþáttum. Hugsanlega hefði mátt hækka áhrifamat Hólmsárvirkjunar (20) en þar hefði -6 orðið nokkuð hátt að mati hópsins. Faghópur II taldi við endurskoðun, að ef lækun einkunnar hefði verið færð í -1 hefði það valdið ósamræmi við fjölmargar aðrar hugmyndir að virkjunum sem metnar voru. Niðurstaða Faghóps II varð því sú að einkunnir eru látnar standa óbreyttar miðað við framkomnar forsendur og mat á þeim einkunnaskala sem stuðst er við.

Virkjanir í Þjórsá, Hvammsvirkjun (29), Holtavirkjun (30), og Urriðafossvirkjun (31).

Landsvirkjun gerði rökstuddar athugasemdir við áhrifamat Faghóps II á veiðar og veiðihlunnindi vegna 3 virkjana í Þjórsá, Hvammsvirkjun (29), Holtavirkjun (30), og Urriðafossvirkjun (31) og óskar eftir að áhrifamat þeirra verði lækkuð. Taka verður fram að þessar virkjanahugmyndir eru þær sem eru hvað best þekktar af þeim vatnsaflsvirkjunum sem metnar voru enda hafa þær farið í gegnum umhverfismat og að Skipulagsstofnun hefur fallist á tilhögun þeirra. Miklar bakgrunnsupplýsingar lágu fyrir auk kynningarefnis sem sett var fram á skýran og myndrænan hátt í kynningum fyrir Faghópnum sem var til fyrirmyndar. Þá var haldinn sérstakur kynningarfundur til að kynna mótvægisaðgerðir. Í rökstuðningi sínum vísar LV til niðurstaðna Skipulagsstofnunar í matsferlinu og þau gögn sem LV hefur aflað og vinnur að með Veiðimálastofnun varðandi mótvægisaðgerðir. Taka ber fram að áhrifaeinkunnir voru -3 fyrir Hvammsvirkjun, -3 fyrir Holtavirkjun og -10 fyrir Urriðafossvirkjun. Munurinn byggðist á því að mismikil veiðihlunnindi eru í húfi tengt stofnstærðum og stærðum uppeldissvæða fiska ofan viðkomandi

virkjana. Jafnframt að virðiseinkunnir höfðu sömu tölugildi sem ekki voru gerðar athugasemdir við. Það mat byggði annars vegar á þeirri skerðingu sem verður á búsvæðum og framleiðslugetu (Skýrsla Veiðimálstofnunar, VMST-S/02001). Þar með er fyrirsjáanleg skerðing á veiði vegna minnkaðrar framleiðslu ein og sér nægilegar forsendur fyrir þeirri einkunnagjöf sem sett var fram að teknu tilliti til þeirra hagsmuna sem eru í húfi. Hins vegar byggðist matið á óvissu varðandi virkni fyrirhugaðra mótvægisáðgerða en þær verða að teljast verulegar og tiltaldar í skilyrðum Skipulagsstofnunar. Ekki er vitað til þess að mótvægisáðgerðir með seiðaveitum niður vatnakerfi hafði verði gerða víða í jökulám og því ekki mikil reynsla fyrirbyggjandi af slíkum aðstæðum. Einnig koma til vandamál við að koma fiskum framhjá ekki bara eini virkjun heldur þremur ef allar verða byggðar. Taka skal fram að hver virkjun var metin sérstaklega. Ekki er nóg að koma seiðum ósködduðum niður fyrir virkjanirnar heldur einnig upp aftur um fiskvegi í stíflum. Slíkt veldur jafnan göngutöf eitt og sér sem getur haft áhrif á hlunnindanýtingu og verðmæti hennar. Þannig er nýgenginn lax t.d. verðmeiri sem markaðsvara en lax sem veiddur er síðar á veiðitímanum. Auk laxa er stofn/stofnar sjóbirtings í Þjórsá og þverám hennar. Landsvirkjun telur sem rök fyrir sínu máli fyrri mótvægisáðgerðir sem samið var um við landeigendur þegar virkjunarframkvæmdir á vatnakerfi Þjórsár hófust. Rennslismynstur Þjórsár og jökulgrugg er ekki það sama áður. Þar hefur rennslisjöfnun og stýring úr miðlunarlónum haft áhrif á auk þess sem jökulaur fellur til í lónum. Sú Þjórsá sem fellur nú er stöðugri í rennsli og með meiri lífræna framleiðslu sem hefur leitt til þess að skilyrði til fiskframleiðslu hafa batnað. Lífræn framleiðsla hefur aukist af þeim sökum en slíkt er einnig þekkt úr t.d. vatnakerfi Blöndu. Hér koma því til sögunnar þau dýnamísku áhrif sem fylgja framkvæmdum og geta breyst við viðbótarframkvæmdir.

Það er óvissa um virkni mótvægisáðgerða við að koma fiskum framhjá virkjunum bæði upp og niður. Miðað við stærð þeirra fiskstofna sem um er að ræða geta fá prósent verið umtalsverð sem hefur því áhrif á einkunnagjöf skv. þeim skala sem notaður var. Það verður að taka fram að ef lagðar hefðu verið kvaðir á framkvæmdaaðila varðandi virkni mótvægisáðgerða með því að hann yrði að tryggja frjálsa eða nærri frjálsa fiskför hefði Faghópur II tekið tillit til þeirra sérstaklega. Þekkt er frá öðrum löndum að skilyrði eru sett á virkjanir að tryggja skuli fiskför. Í sumum tilfellum getur það þýtt að opna þarf gönguleiðir og stöðva orkuframleiðslu á göngutíma fiska. Engar slíkar kvaðir voru settar og því óvíst um áhrif mótvægisáðgerða sem vonandi heppnast vel. Við mat á áhrifum og virkni mótvægisáðgerða hefur verið gert ráð fyrir að aföll vegna hverfla virkjananna geti verið 5.0 - 7.7 % og vegna þrýstings 0 - 7%. Seiði sem fer í gegnum vélar við allar þrjár virkjanirnar hefur þar með 51-85% lífslíkur. Óvissa er um áhrif á fleytingum seiða og virkni fiskvega. Reynsla annarsstaðar hefur sýnt að töf á göngu fiska, einkum seiða eykur afföll þeirra. Eins og rakið er í matsforendum Faghóps II er 32% af uppeldissvæðum laxfiska í Þjórsá ofan Hvammsvirkjunar, 72% ofan Holtavirkjunar og 88% ofan Urriðafossvirkjunar (Magnús Jóhansson o.fl. 2001). Lón við Urriðafoss veldur um 25% skerðingu á uppeldissvæðum neðan fossa og lón ofan Holta og Hvammsvirkjunar valda einnig skerðingu þrátt fyrir að gert sé ráð fyrir mótvægi með því að halda vatni á hluta af núverandi farvegi. Nákvæm greining á þeirri skerðingu liggur ekki fyrir. Faghópur II vekur athygli á sú þekking og reynsla sem af þessum mótvægisáðgerðum fæst ef af virkjunum verður getur nýst við mat á áhrifum við síðari virkjunarframkvæmdir þar sem um líkar aðstæður og vandamál getur verið að ræða.

Að framansögðu og við endurskoðun á matseinkunum og forsendum þeirra miðað við framkomnar upplýsingar taldi Faghópur II ekki ástæðu til að breyta áður fenginni niðurstöðu um veiðihlunnindi.

Beitarhlunnindi

Nokkrar athugasemdir voru gerðar við umfjöllun og einkunnagjöf Faghóps II sem snýr að mati á áhrifum á beitarhlunnindi. Sumar þessara athugasemda snúa almennt að aðferðafræði Faghóps II og er svarað annars staðar í þessari greinargerð. Sérstakari athugasemdir er varða beitina er fjallað um hér á eftir.

Landsvirkjun fjallar nokkuð um mat Faghóps II á virði beitarhlunninda og áhrifum virkjana á þau. Rætt er um að Faghópur II fjalli á vissan hátt um beitarhlunnindi á hlutlægan hátt æðri öðrum gróðurhagsmunum og að ekki sé tekið tillit til þess hvort gróður eigi undir högg að sækja vegna áratuga landrýrnunar (bls. 6 í umsögn LV). Rétt er í þessu sambandi að benda á að faghópur 1 sá alfarið um að meta þá gróðurhagsmuni er varða tegundafjölbreytni og vistfræði, faghópi 2 var ætlað að meta virði gróðurs vegna beitarhlunninda og áhrif virkjana í því sambandi. Ástæða þess að faghópur 2 einbeitt sér sérstaklega að beitarhagsmunum er því þessi verkaskipting milli faghópanna. Rétt er þó að geta þess að faghópur 2 tekur einnig tillit til gróðurfars varðandi mat á upplifun varðandi útivist og ferðamennsku. Þannig eru hagsmunir er varða gróðurfar teknir fyrir frá ólíkum sjónarhornum sem ekki var talið rétt að blanda saman. Til álita kom að meta svæðin sérstaklega m.t.t. annarra hlunninda er hafa með gróðurfar að gera, en eins og skýrt er út í skýrslu um niðurstöðu faghópa á bls. 28 varð niðurstaðan sú að hlunnindi af grasatekju, sveppa- og berjatínslu voru metin sem undirviðföng í mati á virði svæða og áhrifum virkjana á ferðapjónustu og útivist.

Landsvirkjun gagnrýnir einnig (bls. 6 í umsögn LV) að ekki sé tekið tillit til mótvægisáðgerða af hálfu virkjunaraðila varðandi uppgræðslu á landi í stað þess sem tapast vegna virkjana. Eins og bent var á í skýrslu um niðurstöðu faghópa á bls. 30 lágu gögn um slíkt aðeins fyrir í undantekningatilvikum í gögnunum sem fyrir liggja. Eins og Landsvirkjun bendir á skýrist gagnaskorturinn af því að ekki liggja fyrir upplýsingar um útfærslur á mótvægisáðgerðum fyrr en hönnun virkjunarinnar er lokið og gengið hefur verið frá samkomulagi við landeigendur eða handhafa beitarhlunninda, auk þess sem sveitarfélög koma þarna einnig að málum. Landsvirkjun bendir á að einfalt hefði verið að kalla eftir slíkum upplýsingum frá virkjunum sem þegar eru í rekstri, enda hafi Landsvirkjun alltaf bætt fyrir land sem hefur spillst vegna framkvæmda. Því er þarna til að svara að:

- a) Ekki var talið gerlegt að leggja mat á mögulegar mótvægisáðgerðir vegna virkjunarkosta í rammaáætlun vegna erfiðleika við að heimfæra mótvægisáðgerðir á einum stað yfir á aðra ólíka staði
- b) Skipulagsstofnun og umhverfisráðherra hafa nær aldrei skilyrt mótvægisáðgerðir til að græða upp land í staðinn fyrir þá beit og vistkerfi sem tapast hafa vegna virkjunarframkvæmda, slíkt hefur ævinlega verið samningsatriði. Útilokað er að taka tillit til mótvægisáðgerða þegar umfang þeirra og eðli hefur ekki verið skilgreint.
- c) Ef taka ætti tillit til mögulegra mótvægisáðgerða varðandi beitarhlunnindi væri rökrétt að gera slíkt einnig varðandi aðra þætti sem faghóparnir mátu. Umhverfisstofnun kemur inn á þetta í sinni umsögn (bls.2): “Slík nálgun kallar á samskonar mat um alla aðra þætti, t.d. þróun náttúru, möguleika til að finna merkileg náttúruferirbæri eða lífverur og möguleika til að nýta svæðið til annarra hluta en orkunýtingar og beitar. Stofnunin leggur til að unnið sé með ástand mála eins og þau eru í dag, nema þá að notuð séu sérstök líkön til stuðnings.” Faghópur II tekur undir þessi sjónarmið Umhverfisstofnunar og telur sig hafa unnið eftir þessari aðferðafræði.

Á bls. 23 í umsögn LV er sagt að það hljóti að vera álitamál að tala um beitargildi í hálendisvinjum í meira en 700 m.y.s. sem auk þess eru að hluta vernduð vegna sérstöðu einstakra gróðursvæða. Því er til að


svara að umrætt áhrifasvæði virkjunar er í afrétti og landið nýtt til beitar. Þrátt fyrir að hluti af þessu svæði sé verndað þá er verndun þess ekki virk varðandi beitarafnot.

Í umsögn Orkuveitu Reykjavíkur (ágrip, bls. 6 og kafli 2.3.3., bls.26) er beðið um skýringar á því hvers vegna beit og veiðar hafa ekki áhrif á lokaniðurstöður faghóps II varðandi jarðvarmavirkjanir. Því er til að svara að vinnulag faghóps 2 var þannig í öllum tilvikum að ef einstök viðföng eða undirviðföng voru ekki til staðar þá voru þau ekki látin gilda í mati, hvorki til lækkunar né hækkunar. T.d. var ekki gefin einkunn fyrir undirviðfangið fossa ef engir fossar voru til staðar. Eftir að verðmæti veiði- og beitarhlunninda og áhrif jarðvarmavirkjana á þau höfðu verið metin, kom í ljós að við jarðvarmavirkjanir eru í öllum þorra tilvika engir eða hverfandi litlir hagsmunir vegna þessara þátta. Því var þessum viðföngum sleppt alfarið við mat á jarðvarmavirkjunum. Ef þessir þættir hefðu verið látnir hafa vægi hefði það leitt til þess að jarðvarmavirkjanir hefðu verið kerfisbundið hærri metnar við lokaröðun virkjanakosta vegna lítilla áhrifa virkjana á hagsmuni sem almennt eru ekki til staðar á háhitasvæðum. Þetta er sambærilegt við það að í mati á einstökum náttúrufyrirbærum v/ferðaþjónustu og útivistar (Eðlisrænir eiginleikar B) voru mjög mismunandi þættir sem skapa gildi vatnsafls- og jarðvarmasvæða. Hverasvæði, jarðhiti, laugar og litir voru telja inn á jarðvarmasvæðum en vatn, ár, fossar, gil/gljúfur/gjár á vatnsaflssvæðum, af augljósum ástæðum.

Ferðapjónusta og útivist

Endurmetnar virkjanahugmyndir með tilliti til ferðapjónustu og útivistar

Eins og fram kom í skýrslu um niðurstöður faghópa í mars 2010 var mat byggt á upplýsingum um línustæði sem fengnar voru frá faghóp IV. Eftir að athugasemdir bárust við línustæði Hólmsárvirkjunar neðri (21) og Búlandsvirkjunar (40) var faghópnum sent endurgert kort af línulögnum frá faghópi IV og felldi faghópurinn það inn í kort þau er greina ferðasvæði og línuleiðir sem upphaflegt mat byggir á.



Kort ferðasvæða, nýjar hugmyndir að línustæðum felld inn í kort með eldri hugmyndum.

Áhrif af þessu nýja línustæði fyrir Hólmsárvirkjun neðri koma fram á ferðasvæðinu Öldufelli sem jafnframt er framkvæmdasvæði virkjunarinnar, en virkjunin mundi verða syðst á svæðinu og í útjaðri þess. Lína mundi samkvæm nýrri tillögu liggja norður svæðið og til norðurs yfir ferðasvæðið Eldgjá og hafa þar talsverð sjónræn áhrif. Samkvæmt fyrri tillögu voru áhrifin á línunni mest á ferðasvæðið Eldhraun, en með nýrri útfærslu eru engin áhrif talin koma fram á því svæði. Áhrif virkjunar með nýrri tillögu að línustæði eru því talin koma fram á ferðasvæðunum Öldufelli, Eldgjá og Hólmsárbotnum. Nýtt mat gaf afleiðingastuðulinn 61,04. Samkvæmt upphaflegur mati var afleiðingastuðull Hólmsárvirkjunar neðri 57,42. Niðurstaðan var því að endurmatið gæfi ekki ástæðu til endurröðunar á Hólmsárvirkjun neðri og er röð hennar því óbreytt nr. 29 í lokaröðun faghóps II.

Búlandsvirkjun hafði áður verið metin út frá því að lína frá henni lægi til norð-austurs að Byggðalínu og fór línan þá yfir ferðasvæðið Eldgjá sem er framkvæmdasvæði virkjunar og síðan inn á ferðasvæðið Laka. Í athugasemdum við vinnu faghópsins hafði Suðurorka óskað eftir nýju mati byggðu á að 132 kV jarðstrengur yrði lagður frá virkjuninni. Þessar forsendur munu ekki hafa þótt raunhæfar og í nýjum forsendum sem faghópur II fékk frá faghópi IV liggur lína frá hugsanlegri virkjun nánast beint til norðurs að Byggðalínu. Endurmat með við þessum forsendum leiddi ekki af sér breytingu á afleiðingarstuðli og er röðun Búlandsvirkjunar því óbreytt nr. 27 í lokaröðun faghóps II.

Aðferðafræði við mat á áhrifum á ferðaþjónustu og útivist

Eins og fram kemur í skýrslunni var þróuð frá grunni í faghópi II aðferðafræði til að meta verðmæti ferðasvæða og áhrif hugsanlegra virkjana á þau svæði. Við gerð hennar var verkefnis faghópsins sem er að raða virkjanahugmyndum í forgrunni og því er ekki verið að meta þau atriði sem ekki breytast frá virkjun til virkjunar. Verkefnið er að meta með stigagjöf og skila verkefnastjórn röðun. Sumt af því sem kom fram í athugasemdum eru atriði sem ekki hafa áhrif á slíka röðun. Þannig geta allar virkjanir boðið uppá sýningar og fræðslustarf og bjóða þannig bæði heimamönnum og ferðamönnum, þekkingu og afþreyingu sem áhugi er fyrir. Sama má segja um ímynd Ísland, sem lands grænnar orku, hún breytist ekki eftir því hvort virkjað er norðan eða sunnan heiða, á Reykjanesi eða í Þingeyjarsýslu.

Við gerð og útfærslu aðferðafræðinnar eru atriði sem ástæða er til að endurmeta við frekari notkun hennar og gerir faghópurinn sér fulla grein fyrir að mælitækið hefur annmarka sem vonandi tekst að þróa betur með meiri reynslu og tíma.

Hópurinn er sammála um að sú ákvörðun að líta á allan þjóðveg nr. 1, sem jafn mikilvægan varðandi mat á „**fjarlægð frá markaði**“ er hluti af því að mikilvægi svæða í nágrenni Reykjavíkur hefur ekki fengið það vægi sem það á skilið. Huga þarf að þessu við frekari þróun og notkun aðferðafræðinnar. Faghópurinn telur ekki ástæðu til að endurtaka allt matið vegna þessa nú í 2. áfanga Rammaáætlunar.

Faghópurinn ítrekar jafnframt aftur að sérhver virkjunarhugmynd er metin eins og hún sé næst á dagskrá, án tillits til þess hvað verður um aðrar hugmyndir í nágrenninu. Þetta getur leitt til að mikilvægi lítt snortinna svæða í nágrenni við stóra markaði sé vanmetið því mikilvægi svæða fyrir útivist og ferðaþjónustu eykst þegar sambærilegum svæðum eða svæðum í nágrenninu, sem tekin eru til orkunýtingar fjölga.

Framtíðarvirði

Óskað er eftir frekari skýringu á mati á framtíðarvirði

Við mat á framtíðarvirði svæðis er litið á hversu vel svæðið hentar til ferðamennsku og útivistar þegar til lengri tíma er litið

Mjög mikið fær einkunnina 10. Svæðið er mjög mikils virði til framtíðar og/eða hefur mjög mikla möguleika til frekari nýtingar til ferðamennsku og útivistar. Dæmi um slík svæði eru Torfajökull og Krýsuvík.


Mikið fær einkunnina 6. Svæðið er mikils virði til framtíðar og/eða hefur mikla möguleika til frekari nýtingar til ferðamennsku og útivistar. Dæmi um slík svæði eru Tungnaá, Jökulheimar, Þeistareykir Töluvert fær einkunnina 3. Svæðið er töluvert virði til framtíðar og/eða hefur töluverða möguleika til frekari nýtingar til ferðamennsku og útivistar, Dæmi Auðkúluheiði.

Lítið fær einkunnina 1. Óáhugaverðir staðir sem ekki er fjárfest að stunduð verði á útivist eða gert út á ferðaþjónustu í framtíðinni

Svæðaskipting ferðasvæða

Ferðasvæðin eru afar mikilvæg við allt matið og eru þau skilgreind á forsendum ferðamennsku og geta ekki fallið saman við skilgreind svæði sem henta t.d. við mat á náttúrufari þar sem t.d. vatnasvið er hin eðlilega skilgreining svæða. Ferðasvæðin eru sú grunneining sem faghópurinn gekk út frá við á mat á virði svæða fyrir ferðamennsku og útivist. Við skilgreiningu þeirra var einkum tekið tillit til sameiginlegra eiginleika þeirra ferðamennsku sem stunduð er á svæðinu, auk þess sem horft var til eðlislæna eiginleika landsins.

Í nokkrum tilfellum virðist misskilningur skapast vegna notkunar faghópsins á þekktum örnefnum sem auðkenni fyrir ferðasvæðin. Vísun við þar til korta sem eru í skýrslunni Niðurstöður faghópa.



Línulagnir skipta verulegu máli vegna útivistar og ferðaþjónustu

Athugasemdir koma fram um að ákveðnar virkjanir á hafi áhrif á svæðum fjærri virkjunarstað sem umsagnaraðili telur að ekki verði fyrir áhrifum af viðkomandi virkjun. Um er að ræða virkjanahugmyndir á Norðurlandi sem metnar voru með þeim línulögnum sem fylgja og fram voru lagðar af faghópi IV. Þetta eru virkjanahugmyndir þar sem reiknað er með að línur verði lagðar til notanda á Húsavík. Fyrir útivist og ferðaþjónustu geta línur og lega þeirra haft veruleg áhrif og skipta því miklu máli við áhrifamat fyrir þennan þátt. Ljóst má vera af verulegum deilum sem komið hafa upp á síðustu misserum vegna fyrirhugaðra línulagna á landinu að þessu þáttur er síst ofmetin í áhrifamati í vinnu faghóps II.

Torfajökulssvæðið og Kerlingarfjöll

Fram komu athugasemdir vegna þess að virkjanahugmyndir á þessum svæðum voru metnar saman og bent var á að eðlilegt væri að meta svæði á Reykjanesi eða á Hellisheiði á sama hátt. Þessu er faghópurinn ekki sammála. Mikil eðlismunur er á ferðamennsku á Torfajökulssvæðinu og Kerlingarfjöllum annarsvegar og á svæðum í nágrenni Höfuðborgarsvæðisins hinsvegar. Torfajökulssvæðið og Kerlingarfjöll eru landslagsheildir sem eru einstök ferðasvæði og verðmæt sem heild til ákveðinnar tegundar ferðamennsku og útivistar. Dvalartími á Torfajökulssvæðinu og Kerlingarfjöllum eru fleiri dagar og ferðamenn fara oft um stóran hluta svæðanna í sömu ferð. Margar vinsælar, fjölbreyttar og eftirsóttar gönguleiðir eru á þessum slóðum, m.a. Laugarvegurinn sem er vinsælasta gönguleið landsins. Á þessu svæði skiptir megin máli að heildin varðveitist. Svæðin í nágrenni höfuðborgarinnar eru alla jafna heimsótt í dagsferð eða í nokkurra klukkutíma ferð og fólk nýtur þar náttúrunnar í skemmri ferðum og á minna svæði hverju sinni. Þar er því heildin ekki eins mikilvæg. Við þetta bætist að ósnertu svæðin þar eru þegar það mikið sundurslitin af vegum og öðrum mannvirkjum að þar verður sjaldnast stunduð ferðamennska sem byggist á að fara um stórt svæði í einni ferð. Faghópurinn telur því að mikill munur sé á eðli Torfajökuls- og Kerlingarfjallasvæðanna annars vegar og Reykjanes- og Hellisheiðarsvæðanna hins vegar. Faghópurinn telur að röskun á hluta hálendissvæðanna mundi hafa afgerandi áhrif á þessar mjög verðmætu landslagsheildir og ímynd þeirra. Einnig telur hópurinn að hver virkjun á Torfajökuls- og Kerlingarfjallasvæðunum mundi raska eiginleikum þessara svæða á mjög svipaðan hátt og að ekki sé afgerandi munur á mati virkjanahugmynda eftir staðsetningu þeirra innan svæðisins. Því mundu þessi svæði fá mjög sambærilega ef ekki sömu röðun þó þau væru metin í hlutum. Sú breyting sem verður á þessu svæði ef raflínur eða strengir yrðu lagðir um það eru verulegar. Verðmætin felast í óraskaðri heild Torfajökulssvæðisins sem að er þar að auki friðlýst að stærstum hluta. Torfajökulssvæðið verður væntanlega tilnefnt af Íslands hálfu á heimsminjaskrá.

Almennt um öll viðföng

Mótvægisáðgerðir

Gerðar voru athugasemdir við mat á áhrifum framkvæmda á beit og beitarhlunnindi. Jafnframt við þá stefnu Faghóps II að meta áhrif á beit án mótvægisáðgerða.

Ekki er til skilgreining á því hvað fellst í mótvægisáðgerðum en munur getur verið á slíku eftir viðfangsefnum. Faghópur II vill koma á framfæri að mikilvægt er að þeir sem um framkvæmdir fjalla komist að sameiginlegum skilningi og skilgreiningu á merkingu þess hugtaks. Slíkt er líklegt til að geta auðveldað vinnu við mat á umhverfisáhrifum og við mat á áhrifum framkvæmda í vinnu líkri þeirri sem er viðfangsefni Rammaáætlunar.

Faghópur II telur sér ekki fært að meta áðgerðir s.s. samninga við landeigendur og hagsmunaaðila vegna uppgræðslu, samgangna, samskipta o.fl. sem upphefjandi fyrir áhrif framkvæmda. Benda má á að þrátt fyrir fyrirheit og framkvæmdir í þá veru sem gengið hefur verið frá við landeigendur er ekki víst að haldi lengi eins og dæmi eru til um.